

Ed.

137. Frumvarp

til laga um alþýðuskóla á Eiðum.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Á Eiðum skal vera tveggja vetra alþýðuskóli, vel útbúinn, er samsvari kröfum tímans. Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

2. gr.

Skólinn skal rekinn á kostnað ríkissjóðs, enda hefir landsstjórnin yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Kennslugreinar skulu vera þessar: Íslenska og íslensk fræði, eitt norðurlandamál, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, félagsfræði, bókhald, teiknun, söngur, leikfimi, handavinna. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku.

4. gr.

Þegar því verður við komið, skal halda fyrirlestránámsskeið við skólann fyrir almenning í nokkra daga nær miðjum vetri. Ennfremur má halda við skólann vornámsskeið, þegar stjórn skólans telur ástæður fyrir hendi. Fastir kennarar skólans skulu skyldir til að kenna við námsskeiðin, hver í sínum greinum.

5. gr.

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar; taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. Auk þess skal séð fyrir nauðsynlegri stundakennslu, svo og kennslu við námsskeiðin, að svo miklu leyti sem kennslukraftar skólans hrökkva ekki til.

6. gr.

Skólaárið telst frá 20. október til fyrsta sunnudags í sumri.

7. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi hinn fyrra vetur, og burtfararpróf að loknu námi hinn síðara vetur. Þeir, sem lokið hafa námi, fá prófskirteini, er sýni kunnáttu þeirra í öllum skyldunámsgreinum skólans.

8. gr.

Nánari fyrirmæli um starfstillhögun skólans og skipulag getur ráðuneytið sett með reglugerð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs, ennfremur lög um breytingu á fyrrnefndum lögum, nr. 24, 27. júní 1921.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið vegna þess, að skólastjóri Eiðaskóla fór fram á nokkrar breytingar á lögnum um skólann. Þótti þá heppilegra og glegggra til yfirlits að semja lög in upp í heild. Breytingar eru engar stórvægilegar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu málsins.